

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 5. febrúar 2013
1302010 IE


Efni: Frv. til laga um breyt. á lögum um almannatryggingar (frítekjumark lífeyris), þskj. 573, 454. mál.

Velferðarnefnd sendi Jafnréttisstofu til umsagnar frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (frítekjumark lífeyris), þskj. 573, 454. mál.

Jafnréttisstofa tekur undir það sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um almannatryggingar með lögum nr. 70/2009, verði snúið við.

Það er mikilvægt að bæta stöðu öryrkja og aldraðra og það að breyta þeim ákvæðum sem hér er fjallað um til fyrra horfs er liður í því. Rétt er að hafa það í huga að munur getur verið á stöðu kynjanna í þessum hópum og því þarf löggjafinn að vera vakandi yfir því hvort huga þurfi sérstaklega að konum eða körlum með t.d. sértækum aðgerðum í almannatryggingalöggjöfinni. Benda má á að konur fleiri í hópi öryrkja, margar hverjar mjög tekjulágar.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur